

Hveragerðisbær

Ársreikningur

2018



Hveragerðisbær
Sunnumörk 2
810 Hveragerði
kt. 650169-4849

Hveragerðisbær

Ársreikningur

2018

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun bæjarstjórnar og bæjarstjóra	2
Áritun óháðra endurskoðenda	3-4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6-7
Yfirlit um sjóðstreymi	8
Skýringar	9-28

Skýrsla og áritun bæjarstjórnar og bæjarstjóra

Ársreikningur Hveragerðisbæjar er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga og auglýsingar velferðarráðuneyti um reikningsskil sveitarfélaga.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu um 2.861 milljónum króna samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi fyrir A og B hluta en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum um 2.775 milljónum króna. Rekstrartekjur A-hluta námu um 2.754 milljónum króna en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum um 2.681 milljónum króna.

Álagningarhlutfall útsvars var 14,52% sem er lögbundið hámark þess. Álagningarhlutfall fasteignaskatts nam 0,40% vegna íbúðahúsnæðis og 1,60% vegna atvinnuhúsnæðis en lögbundið hámark þess er 0,625% og 1,65%. Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi A og B hluta var jákvæð að fjárhæð um 59,7 milljónir króna en samkvæmt fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir um 29,4 milljónum króna jákvæðri afkomu. Rekstrarafkoma A hluta var jákvæð að fjárhæð 23,3 milljónir króna en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir jákvæðri afkomu upp á 6,9 milljónir króna. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok nam 1.337 milljónum króna samkvæmt efnahagsreikningi, en þar af nam eigið fé A hluta 1.076 milljónum króna.

Laun og launatengd gjöld sveitarfélagsins námu um 1.479 milljónum króna en fjöldi ársverka sveitarfélagsins voru um 190 á árinu.

Íbúaföldi í Hveragerði í árslok 2018 var 2.628 og var fjölgun um 62 einstaklinga frá fyrra ári.

Hveragerði, *2. maí* 2019

Bæjarstjóri:

Bæjarráð:



Fridrik Sigmundsson
Byngin Eir Þorsteinsdóttir
Njóna S. Gunnsson

Bæjarstjórn Hveragerðisbæjar staðfestir hér með ársreikning Hveragerðisbæjar fyrir árið 2018 með undirritun sinni.

Hveragerði, *9. maí* 2019

Bæjarstjórn:

Ólafur R. Þorsteinsson
Fridrik Sigmundsson
Byngin Eir Þorsteinsdóttir
Sigurður Ólafur Guðjónsson
Guðrún R. Þorsteinsson
Sigrún Arnadóttir
Þórunn Þorsteinsson

Áritun óháðra endurskoðenda

Til bæjarstjórnar Hveragerðisbæjar

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Hveragerðisbæjar fyrir árið 2018. Ársreikningurinn hefur að geyma ársreikning fyrir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og ársreikning fyrir A og B hluta. Hann greinist í rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sveitarfélagsins á árinu 2018, efnahag hans 31. desember 2018 og breytingu á handbæru fé á árinu 2018, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Hveragerðisbæ í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Aðrar upplýsingar

Bæjarstjórn og bæjarstjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar innifela skýrslu bæjarstjórnar og bæjarstjóra. Álit okkar á ársreikningnum nær ekki yfir aðrar upplýsingar og við ályktum hvorki um, né veitum staðfestingu á efni þeirra ef frá er talin sú staðfesting varðandi skýrslu bæjarstjórnar og bæjarstjóra sem fram kemur hér að neðan.

Í tengslum við endurskoðun okkar berum við ábyrgð á að lesa framangreindar aðrar upplýsingar og skoða hvort þær séu í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða þekkingu okkar sem við höfum aflað við endurskoðunina eða virðast að öðru leyti innifela verulegar skekkjur. Ef við komumst að þeirri niðurstöðu, byggt á þeirri vinnu sem við höfum framkvæmt, að það séu verulegar skekkjur í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Það er ekkert sem við þurfum að skýra frá hvað þetta varðar.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu bæjarstjórnar og bæjarstjóra sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Ábyrgð bæjarstjórnar og bæjarstjóra á ársreikningnum

Bæjarstjórn og bæjarstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil sveitarfélaga. Bæjarstjórn og bæjarstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru bæjarstjórn og bæjarstjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi sveitarfélagsins. Ef við á, skulu bæjarstjórn og bæjarstjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins.

Áritun óháðra endurskoðenda

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanlega víska er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.

- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.

- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi sveitarfélagsins.

- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Við upplýsum bæjarstjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Hveragerði, 9/5 2019.

Deloitte ehf.

Jóhann G. Hardarson
Jóhann Geir Hardarson
endurskoðandi

Jónas Gestur Jónasson
Jónas Gestur Jónasson
endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2018

Skýr	Sveitarsjóður			Samantekinn ársreikningur		
	2018	Áætlun 2018	2017	2018	Áætlun 2018	2017
Skatttekjur án framlags jöfnunarsjóðs	3	1.596.948	1.533.229	1.437.851	1.593.118	1.529.939
Framlög úr jöfnunarsjóði	3	503.933	568.373	518.288	503.933	568.373
Aðrar tekjur	3	653.454	579.732	667.983	763.672	676.298
Tekjur		2.754.335	2.681.334	2.624.123	2.860.723	2.774.610
Laun og annar starfsmannakostnaður	4	(1.487.928)	(1.487.313)	(1.387.833)	(1.490.423)	(1.489.578)
Breyting lífeyrisskuldbindingar	4	(56.215)	(83.800)	(127.654)	(56.215)	(83.800)
Annar rekstrarkostnaður		(897.625)	(869.031)	(854.933)	(935.591)	(910.310)
		(2.441.768)	(2.440.144)	(2.370.420)	(2.482.229)	(2.483.688)
Rekstrarafkoma fyrir afskriftir		312.567	241.190	253.703	378.494	290.922
Afskriftir fastafjármuna	8	(102.126)	(108.637)	(89.743)	(121.170)	(126.551)
Rekstrarafkoma fyrir fjármagnsliði		210.441	132.553	163.960	257.324	164.371
Fjármunatekjur	5	20.445	7.329	19.541	15.274	0
Fjármagnsgjöld	6	(207.537)	(132.960)	(152.829)	(212.925)	(134.941)
Rekstrarafkoma ársins		23.349	6.922	30.672	59.673	29.430

Efnahagsreikningur 31. desember 2018

		Sveitarsjóður		Samantekinn ársreikningur		
		Skýr.	31.12.2018	31.12.2017	31.12.2018	31.12.2017
Eignir						
Fastafjármunir						
Varanlegir rekstrarfjármunir						
Lóðir og lendur	8	1.210.253	1.210.253	1.210.253	1.210.253	
Fasteignir	8	2.322.540	2.108.287	2.332.866	2.118.751	
Leigðar eignir	8	141.453	150.358	141.453	150.358	
Veitukerfi	8	0	0	236.277	233.169	
Gatnakerfi	8	251.260	266.333	251.260	266.333	
Áhöld og tæki	8	16.774	18.317	16.774	18.317	
		3.942.281	3.753.548	4.188.883	3.997.182	
Áhættufjármunir og langtímakröfur						
Eignarhlutir í félögum	9	102.875	102.875	102.875	102.875	
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki B-hluti		58.506	66.108	0	0	
Fyrirframgreitt vegna lífeyris	17	243.621	0	243.621	0	
		405.002	168.983	346.496	102.875	
Fastafjármunir		4.347.283	3.922.530	4.535.379	4.100.057	
Veltufjármunir						
Vörubirgðir		12.113	5.989	12.113	5.989	
Óinnheimtar tekjur og viðskiptakröfur	10	217.326	293.799	226.733	331.000	
Fyrirframgreitt vegna lífeyris	17	9.360	0	9.360	0	
Aðrar skammtímakröfur	10	188.305	53.782	188.305	53.782	
Viðskiptakröfur á eigin fyrirtæki B		34.246	43.193	0	0	
Handbært fé	10	15.114	34.984	15.114	34.984	
Veltufjármunir		476.464	431.747	451.625	425.754	
Eignir		4.823.747	4.354.277	4.987.005	4.525.811	

Efnahagsreikningur 31. desember 2018

		Sveitarsjóður		Samantekinn ársreikningur	
	Skýr.	31.12.2018	31.12.2017	31.12.2018	31.12.2017
Eigið fé og skuldir					
Eigið fé	11				
Eigið fé		1.076.249	1.052.900	1.336.985	1.277.312
		<u>1.076.249</u>	<u>1.052.900</u>	<u>1.336.985</u>	<u>1.277.312</u>
Skuldbindingar					
Lífeyrisskuldbinding	12	582.198	552.233	582.198	552.233
Leiguskuldir	14	283.183	286.859	283.183	286.859
Skuldbindingar		<u>865.381</u>	<u>839.092</u>	<u>865.381</u>	<u>839.092</u>
Langtímaskuldir					
Langtímalán	13	2.247.128	1.848.124	2.316.547	1.924.158
Langtímaskuldir		<u>2.247.128</u>	<u>1.848.124</u>	<u>2.316.547</u>	<u>1.924.158</u>
Skammtímaskuldir					
Viðskiptaskuldir	15	109.738	71.558	109.738	71.558
Skuldir við lánastofnanir		15.482	0	15.482	0
Næsta árs afborganir langtímaskulda	15	174.096	172.536	183.151	180.938
Skuldir við eigin fyrirtæki B		176.890	154.789	0	0
Aðrar skammtímaskuldir	15	158.783	215.279	159.720	232.754
Skammtímaskuldir		<u>634.988</u>	<u>614.161</u>	<u>468.091</u>	<u>485.249</u>
Skuldir og skuldbindingar		<u>3.747.498</u>	<u>3.301.377</u>	<u>3.650.020</u>	<u>3.248.499</u>
Eigið fé, skuldir og skuldbindingar		<u>4.823.747</u>	<u>4.354.277</u>	<u>4.987.005</u>	<u>4.525.811</u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2018

Skýr.	Sveitarsjóður			Samantekinn ársreikningur		
	2018	Áætlun	2017	2018	Áætlun	2017
Rekstrarhreyfingar						
Rekstrarafkoma ársins	23.349	6.922	30.672	59.673	29.430	81.554
Afskriftir	8 102.126	108.637	89.743	121.170	126.551	106.874
Söluhagnaður fastafjármuna	(12.903)	0	(13.384)	(12.903)	0	(13.384)
Breyting á lífeyrisskuldbindingu	12 46.855	44.100	52.216	46.855	44.100	52.216
Niðurfærsla hlutabréfa	0	0	11.224	0	0	11.224
Verðbætur af skuldum	83.544	44.729	24.392	86.083	48.380	25.897
Veltufé frá rekstri	242.971	204.388	194.864	300.877	248.461	264.382
Vörubirgðir, breyting	(6.125)	0	(1.368)	(6.125)	0	(1.368)
Óinnheimtar tekjur, (hækkun) lækkun	10 98.358	0	(116.841)	126.025	0	(146.795)
Aðrar rekstrartengdar eignir (hækkun)	10 (134.523)	0	(17.670)	(134.397)	0	(17.670)
Greitt vegna lífeyrisskuldbindingar	12 (16.889)	0	(14.422)	(16.889)	0	(14.422)
Rekstrartengdar skuldir hækkun	15 44.778	0	60.238	28.241	0	60.268
Handbært fé frá rekstri	228.569	204.388	104.800	297.732	248.461	144.394
Fjárfestingahreyfingar						
Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum	8 (319.035)	(331.600)	(564.345)	(341.047)	(374.600)	(593.944)
Ógreitt vegna fjárfestinga	0	0	10.000	0	0	10.000
Söluverð seldra rekstrarfjármuna	41.079	55.280	33.230	41.079	55.280	33.230
Keypt fjárfestingaverðbréf	0	0	0	0	0	0
Verðbréf, eigin stofnanir, breytingar	0	0	0	0	0	0
Verðbréf, eigin stofnanir, breytingar	0	0	0	0	0	0
Fyrirframgreitt vegna lífeyrisgreiðslu	(336.469)	0	0	(336.469)	0	0
Langtímakröfur við eigin fyrirtæki, breyting	0	0	0	0	0	0
Handbært fé vegna samruna	0	0	0	0	0	0
	(614.425)	(276.320)	(521.115)	(636.437)	(319.320)	(550.714)
Fjármögnunarhreyfingar						
Afborganir langtímaskulda	(167.867)	(174.066)	(188.867)	(176.368)	(182.597)	(198.456)
Afborganir leiguskulda	(12.135)	0	(11.094)	(12.135)	0	(11.094)
Viðskiptastaða við Aðalsjóð, breyting	38.650	35.454	406	0	0	0
Tekin ný langtímalán	491.856	140.000	550.000	491.856	183.000	550.000
Uppfærð leiguskuldbinding	0	0	38.331	0	0	38.331
Skammtímaskuld við lánastofnun, breyting	15.482	0	0	15.482	0	0
	365.986	1.388	388.777	318.835	403	378.782
(Lækkun) hækkun handbærs fjárs	(19.870)	(70.544)	(27.538)	(19.870)	(70.456)	(27.538)
Handbært fé í upphafi árs	34.984	79.331	62.522	34.984	79.331	62.522
Handbært fé í lok árs	15.114	8.787	34.984	15.114	8.875	34.984

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga og auglýsingar stjórnvalda um reikningsskil sveitarfélaga.

Starfsemi sveitarfélagsins er skipt í A og B-hluta. Til A-hluta telst sveitarsjóður, sem er aðalsjóður sveitarfélagsins auk annarra sjóða og stofnana er sinna starfsemi sem að hluta eða öllu leyti eru fjármöggnuð með skatttekjum, en auk aðalsjóðs er um að ræða Eignarsjóð, Þjónustumiðstöð og Fasteignafélag Hveragerðisbæjar ehf.

Til B-hluta teljast stofnanir sveitarfélagsins og fyrirtæki sem að hálfu eða meiri hluta eru í eigu sveitarfélagsins og eru reknar sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar. Þau fyrirtæki og stofnanir sem falla undir B-hluta eru: Félagslegar íbúðir, Fráveita og Vatnsveita.

Ársreikningur Hveragerðisbæjar fyrir árið 2018 hefur að geyma ársreikning sveitarsjóðs og samantekinn ársreikning A- og B-hluta.

Fjárhagsáætlun Hveragerðisbæjar fyrir árið 2018 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi og yfirliti um sjóðstreymi. Samanburð á fjárhagsáætlun með viðaukum við upphaflega fjárhagsáætlun má sjá í skýringu númer 20 og 21 í ársreikningnum.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga og auglýsingar stjórnvalda um reikningsskil sveitarfélaga. Við gerð hans er fylgt sömu reikningsskilaaðferðum og á fyrra ári. Ársreikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð. Lóðir og lendur eru metnar til gangvirðis út frá endurmati.

Ársreikningur sveitarsjóðs

Ársreikningur sveitarsjóðs tekur til Aðalsjóðs, Eignarsjóðs, Þjónustumiðstöðvar og Fasteignafélags Hveragerðisbæjar ehf. Í ársreikningnum eru öll veruleg innbyrðis viðskipti og viðskiptastöður á milli sjóða sem mynda sveitarsjóð færð út.

Samantekinn ársreikningur

Samantekinn ársreikningur tekur til sveitarsjóðs og B-hluta fyrirtækja: Félagslegar íbúðir, Fráveitu og Vatnsveitu. Í samantekna ársreikningnum eru ársreikningarnir lagðir saman, en viðskipti og viðskiptastöður á milli sveitarsjóðs og fyrirtækja sem mynda samantekna ársreikninginn eru jöfnuð út.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum sveitarfélagsins.

Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili þegar þær eiga sér stað.

2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

Innlausn tekna

Til skatttekna flokkast útsvar, fasteignaskattur og framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga auk annarra tekna með skattígildi, svo sem lóðarleiga.

Útsvar er tekjufært samkvæmt staðgreiðsluskilagreinum og endanlegri álagningu ársins á undan, en aðrar skatttekjur eru tekjufærðar við álagningu þeirra.

Til lækkunar skatttekna eru færðar reiknaðar niðurfærslur til að mæta vanhöldum vegna vafasamra óinnheimtra skatttekna.

Álögð gatnagerðargjöld, heimæðargjöld og framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til stofnframkvæmda eru færð til lækkunar stofnverði viðkomandi eigna.

Tekjur af sölu vöru og þjónustu eru tekjufærðar þegar afhending vöru hefur farið fram og þjónusta verið innt af hendi.

Áfallnar vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við vaxtakjör viðkomandi eigna, en arðstekjur eru tekjufærðar þegar réttur til þeirra hefur skapast.

Hagnaður (tap) af sölu varanlegra rekstrarfjármuna er færður á meðal rekstrartekna/-gjalda, en hagnaður (tap) af sölu eignarhluta í félögum meðal fjármunatekna/-gjalda.

Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili þegar hann fellur til.

Niðurfærslur eigna

Langtímakröfur, óinnheimtar skatttekjur og aðrar útistandandi skammtímakröfur hafa verið metnar með tilliti til tapsáhættu og niðurfærðar með óbeinni afskrift í ársreikningi. Ekki er hér um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreykingur sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast. Breyting á niðurfærslu sem þannig er ákveðin að teknu tilliti til endanlegra tapaðra krafna á árinu er færð í rekstrarreikning.

Eignarhlutar í félögum eru færðir niður í markaðsverð eða matsverð þar sem það er lægra en kostnaðarverð og niðurfærsla gjaldfærð í rekstrarreikningi.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur þeim muni nýtast í rekstrinum og unnt er að meta kostnað vegna þeirra með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði, en það samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eignunum í tekjuhæft ástand.

Lóðir og lendur Eignasjóðs eru endurmetnar með reglubundnum hætti. Allar matsbreytingar vegna endurmats eru færðar á eiginfjárreikning. Lóðir og lendur eru metnar til gangvirkis út frá endurmati samkvæmt álitu Reikningsskila- og upplýsinganefndar númer 2 frá árinu 2010.

Afskriftir eru reiknaðar af stofnverði varanlegra rekstrarfjármuna að frádregnum framlögum til þeirra og gjaldfærðar línulegti afskrift á áætluðum nýtingartíma eignanna. Afskriftatími eigna hefst þegar þær eru teknar í notkun. Ef rekstrarfjármunur er enn í notkun eftir að afskriftartíminn er á enda, er skilið eftir niðurlagsverð sem samsvarar eins árs afskrift, en þó ekki meira en sem svarar til 10% af stofnverði. Áætlaður nýtingartími eignanna greinist þannig:

Fasteignir, lóðir og gatnakerfi	40 til 100 ár
Vatnslögn og veitukerfi	25 til 50 ár
Gatnakerfi	25 til 50 ár
Vélar, áhöld og tæki	5 til 10 ár

Skýringar

2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

Eignarhlutar í félögum

Eignarhlutar sveitarsjóðs í öðrum félögum eru færðir á kostnaðarverði í ársreikningi sveitarsjóðs og ekki er færð hlutdeild í afkomu þeirra í reikningsskilum hans þar sem fyrst og fremst er verið að draga fram ráðstöfun skatttekna í ársreikningi sveitarsjóðs.

Eignarhlutar B hluta fyrirtækja í öðrum félögum eru færðir á kostnaðarverði.

Byggðasamlög

Eignarhlutar sveitarsjóðs í byggðasamlögum eru eignfærðir á upphaflegu kostnaðarverði. Byggðasamlög flokkast sem B hluta félög þó um skylduverkefni sveitarfélaga sé að ræða, enda endurspeglar framlög til byggðasamlaganna kostnað sveitarfélagsins í viðkomandi málaflokki.

Langtímakröfur

Langtímakröfur eru færðar til eignar eins og lánað segja til um. Næsta árs og gjaldfallnar afborganir langtímakrafna eru færðar á meðal veltufjármuna. Kröfurnar eru niðurfærðar til þess að mæta vanefndum við innheimtu þeirra, sbr. kafla hér framar um niðurfærslu eigna.

Birgðir

Vörubirgðir og aðrar vörur í vinnslu eru metnar á kostnaðarverði eða dagverði, hvort sem lægra reynist. Kostnaðarverð birgða samanstendur af kostnaði við öflun þeirra ásamt öðrum kostnaði sem fellur til við að koma birgðunum í söluhæft ástand.

Óinnheimtar skatttekjur og viðskiptakröfur

Óinnheimtar skatttekjur og viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði að frádregnum greiddum afborgunum og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok tímabilsins eftir því sem við á. Vaxtagjöld vegna langtímalána eru færð til gjalda á því tímabili sem þau tilheyra. Lántökukostnaður vegna nýrra lána er færður til gjalda á lántökuári.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar í efnahagsreikning ef líklegt þykir að sveitarfélagið verði fyrir útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð þeirra með áreiðanlegum hætti.

Skuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna sveitarfélagsins er færð meðal skuldbindinga í efnahagsreikningi á grundvelli tryggingafræðilegrar úttektar. Breyting á skuldbindingunni á árinu er gjaldfærð í rekstrarreikningi.

Skýringar

3. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur greinast þannig:

	Sveitarsjóður		Samantekinn ársreikningur	
	2018	Fjárhags- áætlun 2018	2018	Fjárhags- áætlun 2018
Skatttekjur án framlaga Jöfnunarsjóðs				
Útsvar.....	1.357.357	1.282.006	1.357.357	1.282.006
Fasteignaskattur.....	239.591	251.223	235.761	251.223
	1.596.948	1.533.229	1.593.118	1.529.939
Framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga				
Tekjujöfnunarframlag.....	46.712	93.407	46.712	93.407
Útgjaldajöfnunarframlag.....	258.360	239.159	258.360	239.159
Rekstrarframlag grunnskóla.....	61.518	64.740	61.518	64.740
Framlag vegna nýbúafraeðslu.....	2.177	1.690	2.177	1.690
Framlag vegna fatlaðra nemenda.....	8.000	6.650	8.000	6.650
Framlag vegna fasteignaskatts.....	56.728	60.730	56.728	60.730
Framlag vegna fatlaðra.....	68.165	99.213	68.165	99.213
Framlag vegna tónlistarnáms.....	2.273	2.784	2.273	2.784
	503.933	568.373	503.933	568.373
Aðrar tekjur				
Þjónustutekjur.....	148.057	132.328	314.143	270.962
Endurgreiðslur.....	205.089	203.775	208.159	203.775
Hagnaður af sölu eigna.....	12.903	0	12.903	0
Aðrar tekjur.....	287.404	243.629	228.467	201.561
	653.454	579.732	763.672	676.298
Rekstrartekjur samtals.....	2.754.335	2.681.334	2.860.723	2.774.610
Álagningarhlutföll		2018	2017	
Útsvar.....		14,52%	14,52%	
Fasteignaskattar - íbúðarhúsnæði.....		0,40%	0,45%	
Fasteignaskattar - atvinnuhúsnæði og óbyggt land.....		1,600%	1,625%	

4. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	Sveitarsjóður		Samantekinn ársreikningur	
	2018	Fjárhags- áætlun 2018	2018	Fjárhags- áætlun 2018
Laun og annar starfsmannakostnaður.....	1.487.928	1.487.313	1.490.423	1.489.578
Breyting á lífeyrisskuldbindingu.....	46.909	83.800	46.909	83.800
Framlög vegna uppgjors Brúar lífeyrissjóðs.....	9.306	0	9.306	0
Laun og launatengd gjöld samtals.....	1.544.143	1.571.113	1.546.638	1.573.378
			2018	2017
Fjöldi ársverka			190	181

Laun bæjarstjórnar, bæjarráðs og bæjarstjóra námu um 32,1 milljónum króna 2018 en 30,5 milljónum króna 2017.

Skýringar

5. Fjármunatekjur

	Sveitarsjóður		Samantekinn ársreikningur	
	2018	Fjárhags- áætlun 2018	2018	Fjárhags- áætlun 2018
Tekjur af eignarhlutum	3.725	0	3.725	0
Vaxtatekjur við tengda aðila	0	4.961	0	0
Vaxtatekjur	16.720	2.368	11.549	0
	20.445	7.329	15.274	0

6. Fjármagnsgjöld

	Sveitarsjóður		Samantekinn ársreikningur	
	2018	Fjárhags- áætlun 2018	2018	Fjárhags- áætlun 2018
Vaxtagjöld af skammtímaskuldum	9.765	0	9.769	0
Vaxtagjöld og verðbætur af langtímaskuldum	197.771	132.960	203.155	134.941
	207.537	132.960	212.925	134.941
Fjármagnsliðir samtals.....	(187.092)	(125.631)	(197.651)	(134.941)

Skýringar

7. Rekstur málaflokka og fyrirtækja í samanburði við fjárhagsáætlun

Rekstur málaflokka greinist þannig:

	Gjöld	Tekjur	Mismunur	Fjárhags- áætlun
Skatttekjur	0	2.147.307	2.147.307	2.134.497
Félagsþjónusta	297.691	53.024	(244.668)	(273.597)
Fræðslu- og uppeldismál	1.347.413	273.071	(1.074.342)	(1.061.241)
Menningarmál	69.303	924	(68.379)	(72.258)
Æskulýðs- og íþróttamál	335.130	137.251	(197.879)	(199.705)
Brunamál og almannavarnir	43.064	0	(43.064)	(42.916)
Hreinlætismál	58.178	40.394	(17.783)	(8.180)
Skipulags- og byggingarmál	45.470	54.972	9.501	(12.805)
Umferðar- og samgöngumál	74.288	0	(74.288)	(83.029)
Umhverfismál	90.605	22.447	(68.158)	(71.386)
Atvinnumál	47.736	41.749	(5.987)	(14.364)
Framlög til B-hluta stofnana	3.069	0	(3.069)	0
Sameiginlegur kostnaður	165.198	39.977	(125.221)	(124.452)
Breyting lífeyrisskuldbindinga	47.193	0	(47.193)	(84.020)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	42.418	70.615	28.198	63.553
Aðalsjóður samtals	2.676.062	2.881.730	205.668	150.097
A-hluta stofnanir:				
Eignasjóður	394.157	275.924	(118.233)	(90.903)
Þjónustumiðstöð	73.122	33.385	(39.737)	(32.985)
Fasteignafélag	39.985	15.636	(24.349)	(19.287)
Innri færslur Sveitarsjóðs	(431.895)	(431.895)	0	0
Sveitarsjóður samtals	2.751.431	2.774.780	23.349	6.922
	Gjöld	Tekjur	Mismunur	Fjárhags- áætlun
B-hluta stofnanir:				
Fráveita	84.707	116.440	31.733	20.870
Félagslegar íbúðir	4.661	4.661	0	(4.416)
Vatnsveita	45.075	49.666	4.591	6.054
Innri færslur samantekins ársreiknings	(69.549)	(69.549)	0	0
	64.894	101.217	36.324	22.508
Samantekt samtals	2.816.324	2.875.998	59.673	29.430

Skýringar

8. Varanlegir rekstrarfjármunir

Sveitarsjóður

	Fasteignir og byggingarland	Lóðir og lendur	Veitu- og gatnakerfi	Áhöld og tæki	Samtals
Kostnaðarverð					
Staða í ársbyrjun	3.635.139	1.210.253	258.763	54.649	5.158.804
Eignfært á árinu	366.660	0	0	5.142	371.802
Selt og aflagt á árinu	(32.200)	0	(51.167)	(2.500)	(85.867)
Staða í árslok	3.969.599	1.210.253	207.596	57.291	5.444.739

Afskriftir

Staða í ársbyrjun	1.260.804	0	108.120	36.333	1.405.257
Afskrift ársins	86.365	0	9.327	6.434	102.126
Aflagt á árinu	(2.675)	0	0	(2.250)	(4.925)
Staða í árslok	1.344.494	0	117.447	40.518	1.502.459

Bókfært verð

Bókfært verð í ársbyrjun	2.374.335	1.210.253	150.643	18.316	3.753.547
Bókfært verð í árslok	2.625.105	1.210.253	90.149	16.774	3.942.281

Afskriftarhlutföll	1-2,5%	0%	2-4%	10-20%
--------------------------	--------	----	------	--------

Samantekinn ársreikningur

	Fasteignir og byggingarland	Lóðir og lendur	Veitu- og gatnakerfi	Áhöld og tæki	Samtals
Kostnaðarverð					
Staða í ársbyrjun	3.649.043	1.210.253	698.362	54.649	5.612.307
Endurmat					0
